

LÖG
um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum.

Nú verður starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu og skerðist þá ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

Ef starfsmaður sem 1. mgr. tekur til deyr af völdum tjónsatburðar skulu bætur sem greiðast þeim er misst hafa framfæranda ekki skerðast vegna meðábyrgðar hins látna, nema hann hafi átt þátt í dauða sínum af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til tjónsatvika sem verða eftir gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ragna Árnadóttir.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2009